

Verktækni

Tæknifræðingafélag Íslands

Verkfræðingafélag Íslands

2. tbl. 18. árg. 2012

4

Kjaramál

6

Aðalfundur TFÍ

7

Aðalfundur VFÍ

8

Aldarviðurkenning

11

Afmælishlaup

12

Ályktun



Aldarviðurkenning VFÍ

Hátt í 600 manns mættu í Hörpu á sumardaginn fyrsta og fögnuðu 100 ára afmæli Verkfræðingafélags Íslands. Á hátíðinni var veitt Aldarviðurkenning félagsins. Viðurkenningar voru veittar í þremur flokkum til einstaklinga sem þótt hafa skarað fram úr annars vegar fyrir störf sín innan fyrirtækja sem eru alþjóðlega í fremstu röð og hins vegar innan sprotafyrirtækja sem hafa náð fótfestu má markaði. Þá fengu viðurkenningu fimm einstaklingar sem plægt hafa akurinn með störfum sínum, sýnt frumkvæði og haft veruleg áhrif. Viðurkenningin er veitt fyrir framlag sem byggt er á sérhæfðri þekkingu á sviði tækni og raunvísinda til nýsköpunar og framfara í íslensku atvinnulífi. Henni ætlað að vekja athygli á afrekum sem hafa haft umtalsverð áhrif á efnahagslíf og lífsgæði á Íslandi eða eru líkleg til að gera það í framtíðinni. Viðhjálmur Lúðvíksson, formaður viðurkenningarnefndar tilkynnti um niðurstöður nefndarinnar og sagði m.a. að með viðurkenningunni væri vikið frá staðalmyndinni af viðfangsefnum verkfræðinga en athygli

beint að því hvernig hugvit, auðgað af tækniþekkingu og raunvísindum, verður undirstaða nýjunga. Með viðurkenningunni væri einnig undirstrikað mikilvægi samspils milli ólíkra þekkingargreina því fæstar nýjungar verði að verðmætum nú á dögum nema virkjuð sé þekking á fleiri en einu sviði.

„Fyrirtækin sem nefnd eru til sögunnar sýna svo ekki verður um villst að sú fjárfesting í rannsóknum og þróunarstarfi og stuðningur stjórnvalda við nýsköpun sem hófst fyrir um 30 árum hefur nú skilað ótvíráðum árangri og veitir fjölda hæfileikaríks fólks með fjölbreytta menntun atvinnu við störf sem nýta krafta þeirra til fullnustu.“
(Sjá miðopnu).




HVAÐ EF ÞÍN HÖNNUN HAFÐI ENGIN TAKMÖRK

KYNNIÐ YKKUR:

Autodesk Design Suite 2013

Autodesk Factory Design Suite 2013

Autodesk Product Design Suite 2013



Autodesk®
Silver Partner

CAD ehf.

Skúlagata 10
IS-101 - Reykjavík - Iceland
tel: +354 552 3990

www.cad.is - cad@cad.is

Söguganga VFÍ

Laugardaginn 19. maí verður Söguganga Verkfræðingafélags Íslands. Gangan er einn afmælisviðburði í tilefni af 100 ára afmæli VFÍ. Lagt verður af stað frá Verkfræðingahúsi, Engjateigi 9, kl. 10. Gengið verður um Laugardalinn í fylgd Stefáns Pálssonar, sagnfræðings. Ráðgert er að gangan taki um tvær klukkustundir og að henni lokinni verður boðið upp á hressingu í Verkfræðingahúsi. Allir velkomnir – fullorðnir og börn.

Vorferð BVFÍ: Búðarhálsvirkjun

Vorferð Byggingarverkfræðideildar VFÍ (BVFÍ) verður 26. maí. Framkvæmdir við Búðarhálsvirkjun verða skoðaðar. Dagskrá og skráning auglýst síðar. - En munið að taka daginn frá.

Vefir félaganna – og Facebook

Á vefsíðum VFÍ og TFÍ er að finna upplýsingar um starfsemi félaganna; fréttir, viðburði og kjaratengd málefni. Þar er meðal annars hægt að skila inn umsóknum um inngöngu í félögin og til sjóða í vörslu þeirra. Við minnum á að nýtt kjarasvæði var sett upp síðastliðið haust, þar er að finna margvíslegar upplýsingar á sviði kjaramála. Einnig er hægt að fylgja félögunum á Fésbókinni: www.facebook.com/vfi.1912 og www.facebook.com/tfi.1960
www.vfi.is
www.tfi.is

Skilafrestur

Stefnt er að því að næsta tölublað Verktækni komi út í lok maí. Þeir sem vilja koma efni í blaðið og/eða skilaboðum til ritstjóra eru beðnir um að senda tölvupóst: sigrun@verktækni.is

LEIÐARINN

Bjartsýni

Þetta tölublað Verktækni er tileinkað hátíðahöldum í tilefni af aldarafmæli VFÍ. Afmælisdaginn sjálfan, 19. apríl, bar upp á sólríkan, fyrsta sumardag, - og það var sól í sinni í Hörpu þennan dag. Margir höfðu á orði að það væri ánægjulegt að verða vitni að því þegar Aldarviðurkenning VFÍ var afhent. Glæsilegur hópur frumkvöðla tók á móti viðurkenningu og það jók bjartsýni að rifja upp og heiðra merkilegt starf á sviðum tækniþekkingar og raunvísinda síðastliðna áratugi.

Kristinn Andersen, formaður VFÍ, setti hátíðina og sagði meðal annars: „Ég efast um að stofnendur Verkfræðingafélagsins hafi séð fyrir að íslenzkir verkfræðingar, hundrað árum síðar, yrðu í forystu í heiminum í framleiðslu gervifóta og stoðtækja. Eða í framleiðslu fullkornustu tækja fyrir stærstu matvælaframleiðendur heimsins. Hefðu þeir séð fyrir hvernig ferðamannaparadís væri risin kringum jarðhitann á hrjóstrugum Reykjanesskaganum, 100 árum síðar? Hvað þá að á Íslandi yrði til öflug atvinnugrein um leiki sem gerast úti í sólkerfum himnanna, sem séra Matthías orti um í þjóðsöngnum.

Það getur verið brögðult að spá um framtíðina, eins og þessi dæmi sýna. Við vitum lítið um hvað gestir afmælishátíðar Verkfræðingafélagsins árið 2112 munu fást við. Kannski við munum eiga einhverja vegaspotta ennþá ólagða, eða einhverja læki óvirkjaða – og kannski framfarir í líftækni og nýting jarðhitans færi okkur aldingarða þar sem nú eru öræfi. Reynslan kennir okkur að ótrúlega margt sprettur fram ófyrirséð, hvað sem öllum áætlunum okkar líður. Eftir stendur þó að góð menntun, haldgóð þekking á lögmálum raunvísindanna og færni í aðferðum stærðfræðinnar er sígildur grunnur sem alltaf kemur að notum. Þess vegna er ég þess fullviss að verkfræðin á framtíðina fyrir sér og við þurfum ekki að kvíða framtíð Verkfræðingafélags Íslands á komandi árhundraði.“

Sigrún S. Hafstein, ritstjóri.



Í sumarskapi í Hörpu. Það lá vel á Katrínu Jakobsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra og forsetahjónunum á sumardaginn fyrsta í Hörpu. Þau mættu á 100 ára afmælishátíð VFÍ en forsetinn og ráðherrar afhentu Aldarviðurkenningu VFÍ. Sagt er frá afmælishátíðinni í miðopnu.



Hús á Austurlandi og ný íbúð á Akureyri

Yfir 70% þeirra sem sóttu um fá úthlutað í sumar.

Orlofssjóður VFÍ festi kaup á stórrí gullfallegrí íbúð á Akureyri sem er meðalvalkosta í sumar. Eins var tekið á leigu sumarihús á einstaklega fallegum stað á Héraði á Austurlandi. Er um að ræða hús innan

Skógræktar Austurlands í Eyjólfsstaðaskógi á skjólsælum stað með góðu útsýni.

Í boði í sumar eru 165 vikur í sumarihúsum og tjaldvögnum og einnig er úthlutað hótelmiðum. Félagsmenn sem kusu að nýta þann kost gátu sótt um allt að 10 miða

hver. Um 230 umsóknir bárust um orlofsdvöl en umsóknarfrestur var til 16. apríl.

Fyrstu úthlutun er lokið og verður í framhaldi úthlutað því sem út af stendur. Líðið ár var úthlutun OVFI um 65% og í ár fer hún yfir 70%.



Björn Friðbjósson, hjá Tréverki ehf. Dalvík afhenti Kristjáni Ólafsson stjórnarmanni OVFI íbúðina. Mikil ánægja er með smíði og frágang innihúss.



Íbúðin er hin glæsilegasta.

Nýtskrifaðir verkfræðingar og tæknifræðingar:

Gætið ykkar á vistarböndum

Samkeppnisákvæði í formi vistarbanda í ráðningarsamningi eru varasöm.

Að gefnu tilefni viljum við hvetja alla tæknifræðinga og verkfræðinga sem eru að ráða sig til vinnu að skoða vel hvort að í ráðningarsamningi sem þeim stendur til boða ákvæði sem segi **að þeim sé ekki heimilt að vinna hjá samkeppnisaðila fyrirtækisins í t.d. 12 eða 24 mánuði eftir að þeir láta af störfum hjá fyrirtækinu án sérstakrar launagreiðslu fyrir þá mánuði.** Í fámennu þjóðfélagi getur ákvæði sem þetta komið í veg fyrir að starfsmaður eigi þess kost að ráða sig til starfa á fagsviði sínu. Eins getur slíkt ákvæði gert það að verkum að starfs-

maðurinn verður að setta sig við langtum lakara starf og verr launað en annars hefði verið. Það er jafnframt algjörlega fráleitt að slíkt ákvæði sé sett inn í skammtíam samninga. Nóg er að vísa í 27. gr. samkeppniseftirlits nr. 8 1993 en þar koma fram eðlilegar hömlur sem vernda hagsmunir fyrirtækja sem búa við raunverulegar samkeppnisaðstæður. Þar segir **að refsivert sé** að nýta sér alla þá þekkingu sem teljist atvinnuleyndarmál, í samkeppni við fyrverandi vinnuveitanda í allt að þrjú ár eftir að ráðningu lýkur.

Danir höfðu um áratugaskeið sett í ráðningarsamninga samkeppnisákvæði með vistarböndum sem bannaði starfsmönnum

að ráða sig til samkeppnisfyrirtækja í 1-3 ár eftir að ráðningu lauk eða svipað ákvæði og sett er fram í ráðningarsamningum háskólamanna hér á landi. Þetta tíðkaðist í Danmörku allt til vors 2008 en þá voru sett lög í Danmörku **sem bönnuðu slík ákvæði** í ráðningarsamningum, **nema að greitt væri fyrir umrætt tímabil.**

Verkfræðingar og tæknifræðingar þurfa að gæta þess að skrifa ekki athugasemda-laust undir ráðningarsamning með slíkum ákvæðum. Upplýsingar um samkeppnisákvæði með vistarböndum veitir skrifstofan.

Prúður G. Haraldsdóttir, sviðsstjóri kjaramála.

Gjafakort fyrir snögga svörun í kjarakönnun

Þrjú félagsmenn VFÍ og KTFÍ unnu gjafakort að upphæð 10 þúsund krónur í tengslum við kjarakönnunina í ár. Dregið var úr hópi þeirra sem að sendu inn svör fljótt og vel.

Vinningana hlutu Hildur Hrólfsdóttir, Gunnar Á. Bjarnason og Arnar M. Snorrason. Arnar var staddur erlendis þegar myndatakan fór fram.

Félagsvísindastofnun vinnur nú úr svörum og ættu niðurstöður að liggja fyrir síðari hluta maímánaðar. Verður fróðlegt að sjá hversu mikil hreyfing hefur orðið á launum frá árinu 2011.

Hildur Hrólfsdóttir, Gunnar Á. Bjarnason og Prúður G. Haraldsdóttir, sviðsstjóri kjaramála, sem afhenti þeim verðlaunin.





Sparaðu þér sporin og notfærðu þér nýjustu tækni við mælingar.

TRIMBLE S8 ALSTÖÐIN



„Fram og til baka“ Örugglega óvinsælustu orð hvers mælingamanns. Nema ef til vill „mæla aftur“.ht

Trimble® VISION™ tæknin eykur framleiðni Trimble S8 Alstöðvarinnar griðarlega með því að fækka ferðum til og frá stöðvar.

Frá gagnastokknum geturðu nú séð allt það sama og stöðin sé. Til hvers að ganga til baka?

Með hinu mikla langdrægi stöðvarinnar geturðu nú staðið þurr í fætuma og notað gagnastokkinn til að miða, mæla og vista mælingu í prismausan mælpunkt – meira en tvöfalda þá vegalengd sem þú ert vanur.

Trimble S8 stöðin gefur þér einnig lifandi mynd ásamt mældum gögnum á skjánum, til að staðfesta að búio sé að mæla samkvæmt áætlun. Með mynd ásamt mæligögnum hefurðu sjónræna staðfestingu á öllum mælingum áður en haldið er heim.

Trimble VISION™ er nýjasta viðbótin í nýstárlegri ranu nýjunga frá Trimble til að auka framleiðni í mælingum úti í mörkinni, á skrifstofunni og hvar sem verkefni þín krefjast.

Aðalfundur TFÍ

Aðalfundur Tæknifræðingafélags Íslands 2012 var haldinn 28. mars. Hér verður stiklað á stóru í ársskýrslu félagsins fyrir starfsárið 2011-2012. Ársskýrslan með ársreikningum er birt í heild á vefsíðu TFÍ: www.tfi.is.

Ársreikningur

Samkvæmt rekstrarreikningi nam rekstrartap ársins tæpum 87 þúsund krónum, en rekstrartekjur námu rúmum 18,6 milljónum króna. Heildareignir í lok ársins samkvæmt efnahagsreikningi námu tæpum 19,4 milljónum en heildarskuldir tæpum 11,4 milljónum króna á sama tíma. Eigið fé var því jákvætt um tæpar 8 milljónir. Veltufjármunir í árslok voru tæpum 8 milljónum hærrí en skammtímaskuldir. Á aðalfundinum var samþykkt að hækka félagsgjöldin um tólf hundruð krónur og verða þau 32.400 krónur á ári, þar af renna 8.200 krónur til KTFÍ eða STFÍ.

Skýrsla stjórnar

Í ársskýrslunni er ávarp Bergþórs Þormóðssonar, formanns TFÍ. Þar segir hann meðal annars: „Starfið undanfarið ár hefur einkennt af hagsmunagæslu, fræðslustarfi, kjarasamningum og að halda uppi vörnum fyrir félagsmenn eftir þörfum.

Menntun tæknifræðinga skiptir sköpum. Félagið hefur verið gagnrýnt fyrir að hafa einarða stefnu gagnvart þeim sem óska eftir heimild til að nota starfsheitið tæknifræðingur. Starfsheitið er lögverndað og í því felast mikil verðmæti. Það er ábyrgðarhluti að veita einstaklingi heimild til að nota lögverndað starfsheiti.”

Bergþór benti ennfremur á að TFÍ standi frammi fyrir þeirri áskorun að fara yfir inn-tökuskilyrði og hvort geri eigi breytingar á þeim. „Um leið verður að skoða vel kröfur markaðarins og þær væntingar sem gerðar eru til tæknifræðinga í dag. Einnig ber að skoða þau tækifæri sem tæknifræðingar hafa til framhaldsmenntunar. Fáar háskólastéttir búa við það að hafa ekki meistaranám sem eðlilegt framhald af BS-námi. Tæknifræðingar á Íslandi búa við þær aðstæður að njóta svipaðra eða sömu kjara og verkfræðingar, enda er umtalsverður fjöldi tæknifræðinga með iðnmenntun og iðnmeistararéttindi auk tæknifræðinámsins. Tæknifræðingar eru því mjög eftirsóttur vinnukraftur í íslensku atvinnulífi.”

Menntunarnefnd

Á starfsárinu voru haldnir þrettán fundir í Menntunarnefnd TFÍ. Á öllum fundum nefndarinnar er fjallað um umsóknir um inngöngu í TFÍ, leyfi til að nota starfsheitið tæknifræðingur og

endurinnkomu í félagið. Mikil fjölgun varð á umsóknum ungfélaga í TFÍ. Alls voru 53 tæknifræðingar samþykktir sem fullgildir félagar í TFÍ.

Í skýrslu Menntunarnefndar sem rituð er af formanni nefndarinnar Jóhannesi Benediktssyni segir m.a. „Auk afgreiðslu umsókna er á fundum nefndarinnar ávallt fjallað um menntunarmál tæknifræðinga. Inntökuskilyrði, námslengd, samsetningu námsins og atvinnuskilyrði tæknifræðinga að námi loknu. Aukin fjölbreytni í námi samhliða fjölgun námsbrauta í HR, hefur leitt af sér aukningu á fjölda nemenda í tæknifræðinámi. Við slíka breytingu er þó mikilvægt að þess verði ávallt gætt að huga að undirstöðugreinum tæknifræðinnar þannig að ekki verði dregið úr námskröfum heldur verði gerðar auknar kröfur í þessum greinum.”

Ný stjórn TFÍ

Að þessu sinni var sjálfkjörið í stjórn félagsins. Öundur Jónasson var kosinn formaður. Auk hans voru kosnir Helgi Páll Einarsson, Guðjón Hreiðar Árnason og Þorleifur Magnús Magnússon, vara- maður. Auk þeirra eru í stjórn TFÍ Anna Elín Jóhannsdóttir og Benedikt Halldór Halldórsson, auk fulltrúa frá KTFÍ og STFÍ.



Öundur Jónasson er nýr formaður TFÍ. Hann er hér ásamt Bergþóri Þormóðssyni sem fékk þakkir og blómvönd fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.


Aðalfundur KTFÍ

Aðalfundur KTFÍ var haldinn fyrir aðalfund TFÍ. Skýrsla KTFÍ og sjóða í vörslu þess er birt í ársskýrslu TFÍ. Á fundinum kom fram að staða sjóðanna er sterk og hefur úthlutunum fjölgað ár frá ári. Má til dæmis nefna að Sjúkrasjóður KTFÍ veitti 303 styrki á starfsárinu, samtals rúma 21 milljón króna en árið á undan var úthlutað 158 styrkjum, samtals um tíu milljónum króna.

KTFÍ er deild innan TFÍ en hefur fullt sjálfstæði til að vinna að bættum kjörum félagsmanna á hvern þann hátt sem landslög leyfa. Í því skyni fer KTFÍ með samningsrétt fyrir hönd félagsmanna sinna um launakjör. Félagið hefur sjálfstæðan fjárhag.


STERKIR Í STÁLINU Í 40 ÁR

- STÁLBITAR
- PLÖTUJÁRN
- PRÓFÍLAR
- ÁL
- RYÐFRÍTT STÁL
- BLIKKPLÖTUR
- PVC PLÖTUR
- POM ÖXLAR



VIÐ BYGGJUM Á TRAUSTUM GRUNNI

40
ÁRA
GA
SMÍÐAJÁRN
GUDMUNDUR ARASON EHF
Skútuvogi 4, 104 Reykjavík
Rauðhelli 2, 220 Hafnarfjörður
Sími 568 6844 - ga@ga.is
www.ga.is



Aðalfundur VFÍ

Aðalfundur Verkfræðingafélags Íslands 2012 var haldinn 22. mars síðastliðinn. Lagabreytingar voru samþykktar samhljóða. Í þeim felst að Kjararáð heitir nú Kjaradeild og skerpt er á hlutverkum Kjaradeildar annars vegar og Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi hins vegar. Hér verður stiklað á stóru í ársskýslu félagsins fyrir starfsárið 2011-2012. Ársskýrslan með ársreikningum er birt í heild á vefsíðu félagsins: www.vfi.is.

Ársreikningur

Rekstrarhagnaður ársins var um 574 þúsund krónur en rekstrartekjur námu 35,7 milljónum króna. Heildareignir í lok ársins samkvæmt efnahagsreikningi námu tæpum 64,6 milljónum króna en heildarskuldir voru á sama tíma tæpar 41,7 milljónir króna. Eigið fé félagsjóðs var því jákvætt um rúmar 22,9 milljónir króna. Veltufjármunir í árslok voru rúmum 22,9 milljónum hærri en skammtímaskuldir. Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar um að félagsgjald fyrir árið 2012 verði 31.200 krónur.

Menntamálanefnd

Af 115 umsóknum um inngöngu í félagið voru 106 umsóknir samþykktar, 5 var hafnað og umfjöllun um 4 ekki lokið. Allar 23 umsóknirnar um ungfélagaðild voru samþykktar. Af 141 umsókn um starfsheitið voru 123 umsóknir samþykktar, 12 var hafnað og umfjöllun um 6 er ekki lokið.

Ávarp formanns

Í ávarpi sínu sagði Kristinn Andersen formaður VFÍ meðal annars: „Undanfarið starfsár var það fyrsta eftir sameiningu við Stéttarfélag verkfræðinga. Stofnfundur sameinaðs félags fór fram 31. maí sl., en áður höfðu farið fram kosningar meðal félagsmanna beggja félaganna, þar sem sameining var samþykkt með miklum meirihluta atkvæða í báðum félögum. Sé litið yfir sögu Verkfræðingafélags Íslands þá starfaði VFÍ lengst framan af fyrir hönd allra verkfræðinga, launþega sem annarra. Árið 1952 var stofnuð launanevnd félagsins, en hún var undanfari stofnunar Stéttarfélags verkfræðinga sem varð árið 1954. Eftir það störfuðu félögin hvort á sínu sviði, SV sinni kjaramálum fyrir þá verkfræðinga sem þar voru félagar en VFÍ sinni faglegum málum verkfræðinnar, menntamálum og ýmsum sameiginlegum málum fyrir hönd verkfræðinga. Félögin höfðu með sér gott samstarf, s.s. í útgáfumálum og skrifstofuhaldi, og stór hópur verkfræðinga var í báðum félögum.

Meðal markmiða með sameiningu félaganna, fyrir rúmu ári, var að styrkja ímynd og skerpa á sameiginlegum málum verkfræðinga í einu félagi og auka hagkvæmni í rekstri. Starfsemi félagsins hefur gengið vel í kjölfar sameiningar, í dag eru skráðir félagar yfir 2200. ÍVFÍ eru núna yfir 70% allra verkfræðinga á vinnumarkaði og þeim fer ört fjölgandi.

Mikilvægt er að Verkfræðingafélag Íslands taki mið af þeirri öru þróun sem er innan verkfræðinnar, en verkfræðingar takast á við æ fjölbreytilegri viðfangsefni í störfum sínum. Nýjar verkfræðigreinar hafa rutt sér til rúms á undanförunum árum, á sviði heilbrigðistækni, fjármála, hugbúnaðarþróunar og kerfislíffræði, svo nokkur dæmi séu nefnd. Mikilvægt er að verkfræðingar í þessum greinum, eins og þeim hefðbundnari sem fyrir eru, finni að félagið okkar komi til móts við væntingar þeirra á sviði faglegrar umræðu, í kjaramálum þar sem það á við og í almennu félagsstarfi.“

Nýjar stjórnir

Að þessu sinni var sjálfkjörið í stjórn VFÍ. Nýir í stjórn eru Bjarni G. P. Hjarðar og Páll Gíslason. Auk þeirra sitja í stjórn: Kristinn Andersen, formaður, Egill Þórðarson, Guðrún Sævarsdóttir og Arnór B. Kristinsson.

Í stjórn Kjaradeildar sitja: Kári Steinar Karlsson, formaður, Auður Ólafsdóttir,



Kristinn Andersen, formaður VFÍ.

varaformaður, Kristján Sturlaugsson, Halldór Árnason, Sólveig K. Sigurðardóttir, Arnar H. Halldórsson og Kristinn Steingrímsson.

Í stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi sitja: Sveinn Ingi Ólafsson, formaður, Jenný Rut Hrafnadóttir, Steinar Friðgeirsson og Davíð Á. Gunnarsson vara-meðstjórnandi.



Aldarviðurkenning VFÍ

Á glæsilegri afmælishátíð í Hörpu afhenti forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra og Guðbjartur Hannesson, velferðaráðherra *Aldarviðurkenningu Verkfræðingafélags Íslands*. Verkfræðinemar aðstoðuðu við afhendinguna.

Vilhjálmur Lúðvíksson, formaður viðurkenningarnefndar kynnti niðurstöður nefndarinnar. Verðlaun voru veitt í þremur flokkum. Þeir einstaklingar sem voru heiðraðir fengu skjal með nafni sínu og forsendum viðurkenningarinnar. Fyrirtækin sem þeir tengjast fengu til vörslu glerlista- verk eftir listakonuna Sigrúnu Einarsdóttur í Bergvík.

Alþjóðlega í fremstu röð

Brautryðjandi, þekkingarfyrirtæki sem byggt er á innlendri vísinda- og tækniþekkingu og er alþjóðlega meðal fremstu á sínu sviði.

Marel hf.

Rögnvaldur Ólafsson, eðlisfræðingur.

Heiðraður fyrir að leggja hugmyndalegan og tæknilegan grunn að rafeindavoginni sem varð upphafið að fyrirtækinu Marel hf. og vísa veginn um nýtingu rafeindatækni í þágu tækniframfara í fiskvinnslu.

Hörður Arnarson, rafmagnsverkfræðingur. Heiðraður fyrir að leggja þekkingarlegan grunn að myndgreiningartækninni sem varð ein meginstoðin í vöruþróun Marel hf. og vexti þess inn á flest megin-svið matvælavinnslu.

Jón Þór Ólafsson, rafmagnsverkfræðingur. Heiðraður fyrir færni sína í að útfæra og samhæfa þróun grunntæknibún- aðar og móta þau tækni kerfi sem Marel hf. byggir á frá upphafi og til dagsins í dag.



Viðurkenning fyrir framlag sitt til fyrirtækja sem eru alþjóðlega í fremstu röð.

Össur hf.

Hilmar Bragi Janusson, efnafræðingur.

Heiðraður fyrir þátt sinn í tæknilegri lausn á hinu gamalþekktu vandamáli að tengja gervifót við aflimaðan stúf sársaukalaust fyrir viðtakanda og um leið leggja grunn að vexti Össurar hf. og leiða fyrirtækið inn á braut gervilimasmiði byggða á hátaekni sem bætt hefur hreyfigetu og lífsgæði þúsunda um allan heim.

Actavis Group

Reynir Eyjólfsson, lyfjafræðingur.

Heiðraður fyrir að þróa lyfjafræðilegar lausnir sem gerðu Delta hf., síðar Actavis Group kleift að hasla sér völl með sam- heitalyf á alþjóðlegum markaði.

Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, lyfjafræðingur.

Heiðruð fyrir að nýta lyfjafræðilega þekkingu sína til að greina markaðs- tækifæri og samræma þróunarvinnu og markaðssókn fyrirtækisins Delta hf., síðar Actavis Group.

CCP hf.

Reynir Harðarson, hönnuður. Heiðraður sem upphafsmaður, hugmyndasmiður og frumhönnuður tölvuleiksins EVE

ONLINE og þess fjölbætta samspils ólíkra þekkingarsviða sem gerð og þróun leiksins byggist á og stofnandi fyrirtækisins CCP sem starfrækir leikinn á netinu.

Íslensk erfðagreining hf.

Kári Stefánsson, læknir og mannerfðafræðingur.

Heiðraður fyrir einstakan vísindalegan árangur og frumkvæði um að koma á fót á Íslandi einu öflugasta fyrirtæki heims í mannerfðafræði og leysa úr læðingi metnaðarfullar heilbrigðisvísindarann- sóknir hér á landi.

Frumkvöðlar á vaxtarbraut

Þekkingarfyrirtæki sem er í vexti, hefur náð festu á markaði og hefur alþjóðlega sérstöðu.

VAKI-fiskeldiskerfi hf.

Hermann Kristjánsson, rafmagnsverkfræðingur.

Heiðraður fyrir að hafa á námsárum þróað snjalla tækninýjung til talningar og flokkunar á laxaseiðum, stofnað og farsælega stýrt fyrirtækinu Vaki-fiskeldiskerfi hf. til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd og síðar þróað kerfi til heildstæðs eftirlits með vexti fisksins í stórum eldiskvíum.

Marorka hf.

Jón Ágúst Þorsteinsson, verkfræðingur.

Heiðraður fyrir þróun á orkusparandi tækni fyrir skip, farsæla forystu um stofnun og vöxt sprotafyrirtækisins Marorku hf. og baráttu fyrir bættu umhverfi til nýsköpunar á Íslandi.

ORF Líftækni hf.

Björn Lárus Örvar, Einar Mäntylä og Júlíus Birgir Kristinsson líffræðingar.

Heiðraðir fyrir frumlega og árangursríka beitingu erfðavísinda til að breyta bygg- plöntum í lifandi verksmiðjur, fyrir sérvirk



Viðurkenning fyrir framlag sitt til sprotafyrirtækja sem náð hafa föt festu á markaði.

prótein og fyrir að stofna með félögum sínum líftæknifyrirtækið Orf Líftækni hf. um viðskiptahugmyndirnar.

Stjörnu-Oddi hf.

Sigmar Guðbjörnsson, rafmagnsverkfræðingur. Heiðraður fyrir þróun á sérlega frumlegum smátækjum til að safna mæligögnum um breytileg umhverfisskilyrði á farleiðum fiska og fugla, þannig kortleggja gönguleiðir og atferli, stofna fyrirtækið Stjörnu-Odda ehf. um viðskiptahugmyndir og leiða það farsælega.

Stiki ehf.

Svana Helena Björnsdóttir rafmagnsverkfræðingur. Heiðruð fyrir að hafa fyrst verkfræðimenntaðra kvenna stofnað og stjórnað farsælega fyrirtæki sem hefur verið leiðandi í þróun upplýsingatækni-öryggis, haslað sér völl á erlendum mörkuðum, staðið í fararbroddi í félagsmálum atvinnulífsins, skapað sterka fyrirmynd og rutt brautina fyrir aukna þátttöku kvenna í verkfræði og raunvísindum.

Peir sem plægðu akurinn

Einstaklingar sem hafa sýnt sérstakt frumkvæði og haft veruleg áhrif.

Ríkharður Kristjánsson, byggingarverkfræðingur. Heiðraður fyrir forystu um samræmt átak til að losna við alkalívirkni og aðrar skemmdir úr íslenskri steinsteypu og sameina tæknilega og fagurfræðilega snjallar lausnir við hönnun brúa, menningarbygginga og sýninga til landkynninga erlendis.

Sigurjón Arason, efnaverkfræðingur.

Heiðraður fyrir frumkvæði og einstaka þrautseigju við innleiðingu fjölda nýjunga sem skipt hafa sköpum fyrir gæði og arðbæra nýtingu hráefnis úr sjávarafli og fyrir miðlun þekkingar innanlands og erlendis.

Albert L. Albertsson, vélaverkfræðingur.

Heiðraður fyrir tæknilega forystu um þróun heildstæðrar aðferðar við virkjun orku úr söltum háhitasvæðum og fyrir ósérhlífni við að leita leiða og aðstoða aðra

við að nýta grunnvatnið, jarðhitavökvann og varmaorkuna á fjölbreyttan hátt til iðnaðarframleiðslu, ræktunar, heilsulinda, rannsókna og þróunar á jarðvarmataekni, kennslu og þjálfunar og upplifunar fyrir ferðamenn.

Ingvar Birgir Friðleifsson, jarðfræðingur.

Heiðraður fyrir kynningu um allan heim á jarðhita sem gjöf ulli og hagkvæmri orkulind, forystu um stofnun og skipulag á starfsemi Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og þjálfun um 500 sérfræðinga frá 50 þróunarlöndum í virkjun og nýtingu jarðhita.

Sigmundur Guðbjarnason, lífefnafræðingur.

Heiðraður fyrir forystu um uppbyggingu náms í raunvísindum við Háskóla Íslands, eflingu rannsókna við skólann og forystuhlutverk við mótun stuðningskerfis fyrir vísinda- og tæknirannsóknir og nýsköpun á Íslandi.



Viðurkenning fyrir að hafa sýnt sérstakt frumkvæði og haft veruleg áhrif.



Vilhjálmur Lúðvíksson, formaður viðurkenningarnefndar.



Peir einstaklingar sem voru heiðraðir fengu viðurkenningarskjal. Fyrirtækin sem þeir tengjast fengu til vörslu glerlistaverk eftir Sigrúnu Einarsdóttur í Bergvík. – Slíka gripi hlutu einnig þeir fimm einstaklingar sem voru heiðraðir fyrir sérstakt frumkvæði og áhrif.



Forsetinn flutti ávarp og þakkaði verkfræðingum mikilvægt framlag þeirra.

Kveðja til VFÍ á 100 ára afmæli

Hundrað ár eru skammur tími í eilífðinni, en langur tími á mannlegan mælikvarða. Sérstaða Íslands og einangrun varð til þess að verkfræði barst seint til okkar. Til dæmis er þýska verkfræðingafélagið stofnað 1856 eða um hálfri öld fyrr en það Íslenska. Stundum er þannig til orða tekið að „öll“ framþróun og tæknivæðing hafi orðið á Íslandi frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar sem ber og nokkuð saman við lýðveldisstofnun. Og það er mikill sannleikur í því.

VFÍ byggði sitt myndarlega hús við Engjateig 9 og flutti í það 1987/88. Strax á hönnunar- og byggingartímanum fórum við nokkrir af eldri kynslóð verkfræðinga, að reka fyrir því áróður að í húsinu yrði notaleg aðstaða fyrir smærri fundi, með leðurklæddum sófasettum, þar sem mönnum liði það vel að enginn flýtti sér af fundi nema að hann væri því leiðinlegri.

Þessi ósk okkar rættist með vel innréttadri fundaaðstöðu á efstu hæð. Við vorum nú, félagarnir, flestir gamlir verkefnastjórar, sem hittumst 28. janúar 1994 og settumst í fyrsta sinn í leðursófasettin. Síðan höfum við hist þar einu sinni í mánuði, flesta mánuði ársins, snætt saman hádegisverð og rætt um dægurmál og þó oftast um verkfræðileg efni. Vorum við kallaðir ýmsum nöfnum til að byrja með, en frá

aldamótum hefur nafnið „Vitrिंगarnir“ fests við hópinn. Ekki hefur farið hjá því að góð kynni hafa tekist við stjórnir og starfslið VFÍ á þessum tíma og erum við þakklátir því og kunnum vel að meta.

Sterkt félag nærir hvern einstakan féлага sinn. Þannig hefur VFÍ nært okkur og félagið hefur gefið okkur meira en við getum nokkurn tíma endurgoldið.

Tær fjallalækur er fallegur og getur vökvað landið, sem hann rennur um á leið sinni til sjávar. En hann vökvar aðeins lækjarbakkana til beggja handa.

Áveitukerfi nýtir betur vatnið, sem um það rennur og vökvar akurlendi á margfalt stærra svæði en lækurinn með sama vatnsmagni.

VFÍ er eins og áveitukerfi. Félagið vökvar og nærir þjóðfélagið, sem það starfar í – ekki aðeins félagsmenn sína. – Sameinaðir og samtaka beina verkfræðingar landsins þekkingu sinni og hæfni til góðra verka.



„Vitrिंगarnir“ óska Verkfræðingafélaga Íslands til hamingju með 100 ára afmælið!

Árni Björn Jónasson
 Daníel Gestsson
 Gunnar Torfason
 Jónas Frímansson
 Magnús Bjarnason
 Pétur Stefánsson
 Stanley Pálsson
 Svavar Jónatansson
 Tryggvi Sigurbjarnarson
 (Baldur Jóhannesson †)



TOP N+ Betra gler

Einangrunargildi
allt að $U=1.1 \text{ W/m}^2 \text{ K}$
með gasfyllingu.



Glerverksmiðjan Samverk ehf
 Eyjasandi 2, 850 Hellu
 Víkurhvarfi 6, 203 Kópavogi
 sími: 488 - 9000 fax: 488 - 9001

www.samverk.is
samverk@samverk.is

Afmælishlaup VFÍ

Rúmlega 30 verkfræðingar sprettu úr spori í 5 kílómetra afmælishlaupi VFÍ á sjálfan afmælisdaginn 19. apríl.

Hlaupið var haldið í samstarfi við Víðavangshlaup ÍR. Björn Margeirsson vann í karlaflokki en Gígja Gunnlaugsdóttir var spretthörðust í hópi kvenna. Þess má geta að 50 ára aldursmunur var á elsta og yngsta þátttakanda í afmælishlaupi VFÍ sem heppnaðist einstaklega vel í falllegu sumarveðri.

Björn Margeirsson var með næst besta tímann af öllum þátttakendum í ÍR hlaupinu, næstur á eftir Kára Steini Karlssyni maraþonhlaupara og ólympíufara, sem reyndar er með BS próf í verkfræði. Þeir sem röðuðu sér í efstu sætin í afmælishlaupinu hlupu á mjög góðum tíma og sönnuðu enn og aftur að verkfræðingar eiga glæsilega fulltrúa meðal bestu hlaupara landsins.

Víðavangshlaup ÍR var þreytt í 97. sinn en árið 1916 var hlaupið fyrst haldið og þá að enski fyrirmynd. Síðan þá hefur hlaupið verið árviss viðburður og á sinn hátt hluti af hátíðarhöldum Reykjavíkur og mun hlaupið vera sá íþróttaviðburður hér á landi sem á lengsta samfelda sögu.



Kári Steinn Karlsson, sigraði Víðavangshlaupið.



Hér eru Gígja Gunnlaugsdóttir, sem varð fyrst í kvennaflokki, og María S. Guðjónsdóttir sem varð í öðru sæti. Í þriðja sæti varð Magano Katrína Shiimi Ásmundsson.



Guðmundur G. Þórarinnsson, aldursforseti verkfræðinga í hlaupinu.



Björn Margeirsson varð í fyrsta sæti, Birgir Sævarsson í öðru og Helgi Júlíusson í þriðja sæti.



Kristinn Andersen, formaður VFÍ afhenti verðlaunin í Afmælishlaupinu.

Afmælisráðstefna VFÍ

Framtíðarnýting orkuauðlinda á Íslandi

Það voru rétt um tvö hundruð manns sem mættu á afmælisráðstefnu Verkfræðingafélagsins um framtíðarnýtingu orkuauðlinda á Íslandi. Í fjölda erinda birtist margvíslegur fróðleikur um stöðu, horfur og tækifæri í þessu mikilvæga hagsmunamáli þjóðarinnar. **Erindin sem flutt voru má nálgast á vef félagsins, vfi.is.**

Forseti Íslands setti ráðstefnuna og sagði m.a. gríðarlega mikilvægt til framtíðar að efla tækniþekkingu og ekki síður að viðhalda henni stöðugt með nýjum og krefjandi verkefnum ekki síst í nýtingu grænnar orku.

Á ráðstefnunni lögðu frummælendur og pallborð áherslu á breiða samstöðu um Rammaáætlun og töldu að slík samstaða gæti náðst.

Í lokaorðum sagði ráðstefnustjórinn, Jóhanna Harpa Árnadóttir m.a. „Þekking íslenskra verkfræðinga er í dag útlutningsvara og sega má að við séum verkfræði-

lega sjálfstæð þjóð – nú þegar við fögnum 100 ára afmæli félagsins. Ég vil fyrir hönd Verkfræðingafélags Íslands, og ráðstefnufelldar, þakka þeim sem lögðu leið sína hingað í dag og tóku þátt í þessu með

okkur, framsögumönnum þakka ég sérstaklega og þeim sem tóku þátt í pallborðsumræðu einnig. Hlý orð forseta Íslands hljóta að vera okkur verkfræðingum hvatning til áframhaldandi góðra verka.“



Pallborð á afmælisráðstefnu VFÍ.

Ályktun stjórnar VFÍ um orkunýtingu og rammaáætlun

Í framhaldi af afmælisráðstefnu Verkfræðingafélags Íslands um framtíðarnýtingu orkuauðlinda landsins sendi stjórn félagsins frá sér eftirfarandi ályktun:

Á ráðstefnu Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ) sem haldin var nýlega í tilefni 100 ára afmælis félagsins var m.a. rífuð upp farsæl nýting orkuauðlindanna síðastliðna öld til verulegra hagsbóta fyrir land og þjóð. Þar hafa verkfræðingar og aðrir tæknimenn verið í fararbroddi og gegnt lykhillutverki, hvort sem um var að ræða uppbyggingu samfélagsins með hita- og rafveitum, orkuverum eða stærri iðnfyrirtækjum.

VFÍ undirstrikar mikilvægi þess að haldið verði áfram að nýta orkuauðlindirnar til góðs fyrir landsmenn en telur að nýtingin eigi að vera sem fjölbreyttust og tekið tillit til þess að um takmarkaða auðlind er að ræða. Hafa verður jafnframt að leiðarljósi að hámarka ber heildarafrakstur orkuauðlindanna fyrir íslenskt samfélag.

VFÍ lýsir yfir vonbrigðum með þau inngríp sem gerð hafa verið í rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða, með því að taka vinnu að áætluninni úr faglegum farvegi. Rammaáætluninni er ætlað að marka framtíðarsýn og ná sátt um hvaða virkjunarkostir komi til greina og hvaða svæði beri að friða. Að áætluninni hefur verið unnið um árabil, með víðamiklu kynningar- og samráðsferli, í þeim tilgangi að ná almennt sátt um nýtingu takmarkaðra orkuauðlinda.

Á fyrrgreindri ráðstefnu VFÍ var fjallað um leiðir til fjölbreytilegrar og skynsamlegrar nýtingar orkuauðlinda landsins. Þar komu fram áhyggjur af afdrifum þeirrar faglegu stefnu-mótunar og samráðs sem rammaáætlunin byggði á og frestun á tækifærum til verðmætasköpunar fyrir íslenskt samfélag.

Málþing um háspennulínur og jarðstrengi

Rafmagnsverkfræðingadeild VFÍ (RVFÍ) gekkst nýverið fyrir málþingi um háspennulínur og jarðstrengi. Þátttaka var góð og málþingið þótti takast vel. Glærur fyrirlesara má nálgast á vefjum VFÍ og TFÍ.

Nýlega samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu þar sem iðnaðarráðuneytið, í samstarfi við umhverfisráðuneyti, er falið

að skipta nefnd sem móta skal stefnu um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem taka beri mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um.

Á myndinni er Unnur Stella Guðmundsdóttir strengjasérfræðingur hjá Energinet.dk og rannsóknastjóri á strengvæðingu í Danmörku.



**LOFT
ORKA**
BORGARNESI EHF

Engjaási 2 | 310 Borgarnesi
Sími 433 9000 | loftorka@loftorka.is

Almenna
verkfræðistofan

í fjórútiu ár

www.almenna.is - av@almenna.is

Autodesk
Valmál - Áskil - Ræðsla

CAD ehf
Skúlagata 10 - 101 Reykjavík
S: 552 3990 - www.cad.is - cad@cad.is

H5
HITASTÝRING hf.

Ármúla 16 - 108 Reykjavík
Sími: 552 2222 - Fax: 562 4966
hitastyring@hitastyring.is

VSB

VERKFRÆÐISTOFA
BÆJARHRAUNI 20 · 220 HAFNARFJÖRÐUR

YFIR 20 ÁR.....
STOÐ EHF.
VERKFRÆÐISTOFA
Aðalgata 21, 550 Sauðárkrúki
www.stodhf.is

Glófaxi ehf

Iðnaðar- og eldvarnarhurðir
Ármúla 42, 108 Rvk.
S: 553 4236 - www.glofaxi.is

Danfoss

Danfoss hf.
SKÚTUVOGI 6 SÍMI 510 4100
www.danfoss.is

VERKÍS

Ármúla 4 | 108 Reykjavík
Sími: 422 8000 | www.verkis.is | verkis@verkis.is

HNIT
VERKFRÆÐISTOFA
Háaleitisbraut 58-60 · 108 Reykjavík · S: 570 0500 · www.hnit.is

**Framleiðsla
okkar skapar
þægindi!**
Sími: 422 4200
Netfang: hs@hs.is
Vefsíða: www.hs.is

**ÍSLEIFUR
JÓNSSON**

Dragháls 14 - 16 · 110 Reykjavík
Sími, 4 12 12 00 · www.isleifur.is

50th
1960-2010
**Verkfræðistofa
Jóhanns Indriássonar ehf.**

Síðumál 1 · 108 Reykjavík · Sími 560 5400 · Fax 560 5410 · www.vj.is

ÍSLOFT
BLIKK OG STÁLSMÍÐJA EHF.
Bildshöfða 12, 110 Reykjavík
sími 587 6666 - fax 567 3624
www.isloft.is - isloft@isloft.is

ÍSMAR
Við mælum með því besta

ÍSTAK

BLIKKÁS-FUNI

Smíðjuvegi 74 - 200 Kópavogur
Sími 515 8701 - www.funni.is - funni@funni.is

LAGNATÆKNI
Hönnunar- og ráðgjafarstofa / FRV
Hamraborg 12, 200 Kópavogur, Ísland
sími+354 564 5252 fax+354 564 5251
lt@lagnataekni.is www.lagnataekni.is

MANNVIT
Grenásveg 1, 108 Reykjavík Sími 422 3000 / Fax: 422 3001
mannvit@mannvit.is / www.mannvit.is

varmi

KJARAN

Gólfefni og skrifstofutækni

SÍÐUMÚLA 12-14 - Sími: 510-5500

RAFSTJÓRN ehf.
Virgni loftræstikerfa
er okkar fag!
Stangarhyl 1A · 110 Reykjavík · Ísland
www.rafstjorn.is

tpz

teiknistofa
Kirkjuvegi 23 · 900 Vestmannaeyjum
Sími 481-2711 · www.teiknistofa.is

VSÓ RÁÐGGJÖF

Borgartúni 20, 105 Reykjavík
sími: 585 9000, fax: 585 9010
netfang: vso@vso.is
heimasíða: www.vso.is

**Verkfræðistofa
Norðurlands ehf**

EFLA
VERKFRÆÐISTOFA

**VERKFRÆÐISTOFA
SUÐURLANDS EHF**

EFLA verkfræðistofa, Verkfræðistofa Suðurlands og Verkfræðistofa Norðurlands mynda sameinuð öfluga liðsheimil, sem veitir viðtæka þjónustu um allt land.

**Þekkingarfyrtækni
í málmiðnaði- og véltækni**

HÉÐINN

Sími 569-2100 - hedinn.is

MAKING MODERN LIVING POSSIBLE



VLT® Aqua Drive hraðastýring fyrir dælur Sparar orku - sparar peninga

Danfoss VLT® AQUA Drive hraðastýringin setur ný viðmið varðandi notendaviðmót, orkusparnað, snjalla virkni og lágan rekstrarkostnað

- Þrepastýring dælukerfa
- Stöðvar sjálfkrafa dælu ef engin notkun er
- Þurrkeysruvörn fyrir dælur
- Tryggir mikilvæga vatnsdreifingu

www.danfoss.com/drives

Danfoss

Danfoss hf. • Skútuvogi 6 • 104 Reykjavík • Sími: 510 4100 • vefang: www.danfoss.is

Einkabankþjónusta Arion banka

Ertu að fá góða ávöxtun?

Í Einkabankþjónustu Arion banka hefur hver viðskiptavinur eigin viðskiptastjóra sem sér um eignasafn hans eftir fyrirframskilgreindri fjárfestingarstefnu. Í þjónustunni felst einnig almenn bankþjónusta á hagstæðum kjörum og greining á stöðu lífeyrissparnaðar eins og hún er í dag og væntanlegri stöðu við starfslok.

Leitaðu til okkar í síma 444-7410 eða sendu tölvupóst á einkabankathjonusta@arionbanki.is og við aðstoðum þig við að finna hvað hentar þér og þínum markmiðum.

arionbanki.is – 444 7000

 Arion banki

- Hagstæð sjóðfélagalán
- Ævilangur lífeyrir
- Séreign sem erfist
- Virkt sjóðfélagalýðræði
- Dýrmæt réttindi



 LÍFSVERK

LÍFEYRISSJÓÐUR
VERKFRÆÐINGA

Engjateigi 9 105 Reykjavík
www.lifsverk.is



Íslensk framleiðsla
í yfir **70** ár

Við smíðum

allt frá stöku lista til klæðninga í stærstu tónlistarhús

Eigum á lager

- Gólflista, handlista og frágangslista í miklu úrvali
- Bandsagaðar klæðningar og panel
- Pallaefni og klæðningar úr harðviði
- Gegnheilar borðplötur og límtré
- Gerefti, tröppunef og þröskulda

Við erum sérfræðingar í harðviði

Getum útvegað yfir 75 viðartegundir - Hvaða tegund vantar þig?



Sögin ehf
íslensk framleiðsla

Söluskrifstofa Smiðjuvegi 16 (rauð gata) - 200 Kópavogi

Sími 544 5200

Verksmiðja - Stóru Reykjum - Húsavík - Sími 464 3910

www.sogin.is

Autodesk® Infrastructure Design Suite 2013

BIM for Infrastructure



Autodesk® Infrastructure Design Suite er alhliða hugbúnaðarlausn sem sameinar verkfæri fyrir skipulag, hönnun og framkvæmd, auk stjórnunar á innviðum samgangna, landumsýslu og veitna.

- **Skipuleggur og stjórnar með betri innsýn**
- **Hraðari og betri hönnun út frá heilsteyptu líkani**
- **Árangur verkefna metinn með innbyggðum greiningar- og hermunarverkfærum**
- **Miðlun sjónrænna upplýsinga á öllum stigum í gegnum líftíma verkefnisins.**

lit-group.com

Þrjár útgáfur af **Autodesk®** Infrastructure Design Suite eru í boði til að mæta verkefnaflæðinu þínu: Standard, Premium og Ultimate.

Autodesk®

Silver Partner

Architecture, Engineering & Construction

Media & Entertainment

